

Höfuð í bleyti

Kynning á áhugaverðum verkefnum
á vettvangi frístundamála SFS og
hugmyndir um þróun frístundastarfsins

Dagskrá í Gerðubergi 30. apríl 2015

- Kl. 9:00** **Leggjum höfuðið í bleyti!**
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
- Kl. 9:10** **Að ræða lýðræði er æði**
Andri Snær Magnason, rithöfundur
- Kl. 10:00** **Kaffi**

Kl. 10:20 Málstofa - Fyrsta lota

1. Stuð-mappan - Stuðningsbörn í frístundastarfi

Í Stuð-möppunni er að finna efni sem nýtist til þess að hafa betri heildarsýn yfir stuðningsbörn frístundaheimila og öllu sem að þeim snýr. Mappan fór í loftið vorið 2015 og hafa einhver frístundaheimili byrjað að nýta sér hana. Fjallað verður um mikilvægi þess að hlúa að þeim börnum sem standa höllum fæti félagslega og veita þeim/starfsfólki þess eftirfylgni til að fylgjast með því hvað gengur vel og hvað má bæta. Varpað verður fram spurningum um það hvað taki við hjá þessum börnum þegar þau hætta í frístund og nauðsyn þess að upplýsa þá sem að taka við.

Sædis Sif Harðardóttir, forstöðumaður á frístundaheimilinu Dalheimum, Kringlumýri.

2. Spunaspil - Pathfinder

Félagsmiðstöðin Frosti setti á laggirnar umfangsmikið verkefni í formi spunaspils. Hugmyndin á bak við þessi spil er að setja sig í hlutverk persónu sem leikmaður sníður sjálfur eins og honum þykir áhugaverðast og heldur svo á vit ævintýranna. Spilinu lýkur ekki á einum degi, heldur tekur marga daga að klára ævintýrið og eru möguleikar á að halda áfram með spilið í langan tíma. Pathfinder svipar til Dungeons & Dragons og er spilað í hópum í Frosta.

Benedikt Aron Guðnason (Baron), frístundarleiðbeinandi félagsmiðstöðinni Frosta, Frostaskjóli.

3. Frístund í nýju landi

Miðberg fékk styrk úr Þróunarsjóði SFS til þess að kynna það frístundastarf sem er í boði í Breiðholti og kortleggja þátttöku barna af erlendum uppruna. Sagt verður frá framkvæmd verkefnisins sem nú er að ljúka og helstu niðurstöðum.

Katarzyna Anna Kapitan, frístundaráðgjafi og verkefnastjóri verkefnisins „Frístund í nýju landi“ og Herdis Snorrardóttir, deildarstjóri barnastarfs, Miðbergi.

4. Heilsuefandi frístundastarf

Kynnt verður starf nefndar um heilsuefandi frístundastarf sem starfrækt hefur verið í vetur. Nefndin fylgir úr hlaði hluta af samningi sem gerður var á milli embættis Landlæknis og Reykjavíkurborgar, þar sem markmiðið er að koma sem flestum skólum, leikskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum inn í verkefnið „Heilsuefandi skóli“. Rætt verður um möguleika starfsstaða á að taka þátt og skilgreina sig sem heilsuefandi starfsstaði og skoðað hvar sóknarfærin liggja.

Ragnhildur Agla Þorsteinsdóttir, forstöðukona Selinu og Árni Magnússon, forstöðumaður Sólbúa, Frostaskjóli.

5. Hönd í hönd - Samstarfsverkefni Árbæjarskóla og félagsmiðstöðvarinnar Tíunnar

Í upphaf skólaárs 2014-2015 var ákveðið að setja aukinn kraft í samstarf skólans og félagsmiðstöðvarinnar í hverfinu. Úr varð verkefnið *Hönd í hönd* sem hlaut styrk úr Þróunarsjóði. Um er að ræða nýja nálgun þar sem meginmarkmiðið er að auka þjónustu við nemendur og tengja saman skóla- og frístundastarf. Til dæmis var farið í það að ráða sameiginlega inn starfsmenn, tekið upp þjóðfundafyrirkomulag til að efla lýðræði, nemendaráðið var endurskipulagt og margt fleira. Farið verður yfir hvað hefur áunnist og þær hindranir sem hafa orðið á veginum.

Kristján Sturla Bjarnason, forstöðumaður Tíunnar, Árseli.

6. Spurðu okkur spjörum úr!

Komdu og eigðu samtál um allt sem tengist frístundaheimilum. Þjóðum upp á sextíu og fimm ára reynslukistu.

Deildastjóri og forstöðumenn frístundamiðstöðvarinnar Ársels.

Kl. 10:50 Málstofa - Önnur lota

7. Tómsundahús Frístundaheimilisins Guluhlíðar

Tómsundahús Guluhlíðar fyrir 1.-4. bekk í Klettaskóla er þróunarverkefni sem hófst haustið 2014. Verkefnið fékk þróunarstyrk frá Reykjavíkurborg og gengur út á að skipuleggja tómsundastarf í húsi á lóð Guluhlíðar sem fengið hefur nafnið Tómsundahúsið. Daglega er boðið upp á skipulagt tómsundastarf, s.s. Taekwondo, leiklist, tónlist og aðrar íþróttir.

Margrét R. Halldórsdóttir, forstöðumaður frístundaheimilinu Guluhlíð, Krínglumýri.

8. Að vinna með unglingum í vanda - Hópastarf í Breiðholti

Sagt verður frá hópastarfi sem byrjaði haustið 2014 fyrir stráka í 9. og 10. bekk sem hafa sýnt þess merki að þeir séu að villast af leið í lífinu. Hópastarfið var í samstarfi við þjónustumiðstöð Breiðholts og Davíð Bergmann sem hefur í mörg ár unnið með unglingum í vanda. Hópastarfið verður kynnt og farið í hvernig uppbygging hvers tíma var og hver markmiðin voru. Ef tími gefst til verður rætt um hvernig best sé að haga samskiptum við unglinga í vanda og hvaða úrræði eru í boði.

Dagbjört Steinarsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Hundrad&ellefu, Miðbergi.

Kári Sigurðsson, aðstoðarforstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Hólmaseis, Miðbergi.

9. Leiklistasmiðjur barna í 2.-4. Bekk

Leiklistasmiðjur frístundaheimilanna fóru fram með breyttu fyrirkomulagi nú vetur í umsjón leikarans Guðmundar L. Þorvaldssonar, starfsmanns Miðbergs. Börnin enda smiðjurnar með leiksýningu fyrir börn og foreldra. Hvað gekk vel, hvað lærðum við og hvað má gera betur/öðruvísi?

Guðmundur L. Þorvaldsson, aðstoðarforstöðumaður Vínahúsum og leikari, Miðbergi.

10. Umboð til athafna – tækifærin í frístundastarfinu

Frístundamiðstöðin Kampur hefur mótað sér starfsmannastefnu sem byggir á lýðræði, frumkvæði og nýtingu hæfileika starfsmanna.

Við erum öll hæfileikarík í frístundinni er opinn vettvangur til að grípa tækifærin.

Í erindinu verða kynnt nokkur verkefni starfsmanna sem gripu tækifærið.

Ragnheiður Eyjólfssdóttir, deildarstjóri barnasviðs, Kampi.

11. Mæðgnakvöld í félagsmiðstöðvum

Hugmyndin á bak við mæðgnakvöldin er að fá aðstandendur unglinga inn í félagsmiðstöðina til þess að kynnast starfinu og starfsmönnum og öfugt. Þetta er notalega kvöldstund sem starfsfólk, aðstandendur og unglingar eiga saman og starfsfólk fær betri mynd af því hvaðan stelpurnar koma. Fjallað verður um hvernig verkefnið hefur þróast í gegnum tíðina og hvað hefur virkað best.

Valentína Tinganelli, frístundaráðgjafi í Fjörgyn, Gufunesbæ.

12. Sameiginleg verkefni og samstarf frístundaheimila Gufunesbæjar

Kynning á nokkrum sameiginlegum verkefnum sem öll átta frístundaheimili Gufunesbæjar vinna að á hverju ári. Fjallað verður um hvað þarf til og hvernig til hefur tekist að festa sameiginleg viðfangsefni frístundaheimilanna í sessi, m.a. árlegan góðgerðamarkað og verkefni í tengslum við Barnamenningarhátíð.

Þóra Melsted, deildarstjóri barnastarfs og Ingunn Margrét Óskarsdóttir, forstöðumaður í Hvergilandi, Gufunesbæ.

Kl. 11:20 Málstofa - Þriðja lota

13. Félagsmiðstöð fyrir alla

Frístundaklúbburinn Höllin, í samvinnu við félagsmiðstöðvar Gufunesbæjar, fékk styrk úr þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs til þess að veita fötluðum börnum og unglingum sem stunda nám í grunnskólum í Grafarvogi tækifæri til þess að taka þátt í starfi félagsmiðstöðvanna. Greint verður frá hugmynd verkefnisins, markmiði og tilgangi og framkvæmdaáætlun kynnt.

Ásdís Sigurjónsdóttir, forstöðumaður í frístundaklúbbnum Höllinni, Gufunesbæ.

14. Fjölmennigareldhús

Hvað er í pestó? Hvar er Sri Lanka? Hversu margir búa í Varsjá? Þátttakendur Fjölmennigareldhúss finna svör við þessum og öðrum spurningum sjálfir. Í smiðjunni ferðumst við með börn til mismunandi landa í heiminum. Við eldum eða bökkum rétti frá ólíkum löndum, finnum við út hvar löndin eru á heimskortinu og uppgötum áhugaverðar staðreyndir um löndin. Á meðan maturinn er í ofninum eða á eldavélinni litum við fána, dýr og byggingar frá landinu.

Smiðjan er haldin fyrir 1. og 2. bekk en hægt er að hafa þessa smiðju fyrir börn og unglinga á öllum aldri (með aðlöguð efni). Fjölmennigareldhús er haldið í Halastjörnunni í Háteigsskóla sem tilheyrir frístundamiðstöðinni Kampi.

Aleksandra Chlipala, verkefnisstjóri í fjölmenningu, Kampi.

15. Fjölskyldunámskeið í Frostaskjól

Frístundamiðstöðin Frostaskjól fékk þróunarsjóðsstyrk til að halda fjölskyldunámskeið sem hafa það markmið að efla samveru foreldra og barna og veita þeim tækifæri til að eyða frítíma sínum saman í skemmtilegum og uppbyggilegum verkefnum. Boðið var upp á stutt, ódýr og aðgengileg námskeið í nærumhverfi fjölskyldunnar veturinn 2014/2015 þar sem áherslan var á það að foreldrar og börn ættu góða samveru og tileinkuðu sér einhverja nýja færni eða öðluðust nýja þekkingu. Kynnt verður hvað námskeið voru haldin, hvernig þau voru sótt, hvernig leiðbeinendur voru fundnir og hvernig gjalddóku var háttað, svo eitthvað sé nefnt. Í lokin verður spjallað um hlutverk frístundamiðstöðva, forvarnir og þjónustuhlutverk gagnvart fjölskyldum.

Steinunn Gretarsdóttir, deildarstjóri barnastarfs í Frostaskjól.

16. Stelpur rokka! Af hverju kynjaskipt tómsundastarf?

Félagasamtökin Stelpur rokka! eru á sínu fjórða starfsári og voru nú síðast í samstarfi við Félagsmiðstöðina Miðberg í Breiðholti um rokkbúðir fyrir unglingsstúlkur. Þátttakendur voru opnir fyrir að læra nýja hluti, virtist líða vel og skemmta sér í rokkbúðunum. Við fjöllum um hverskonar andrúmsloft við sköpum til að ná fram vellíðan og sköpunargleði, ræðum kosti tómsundastarfs og af hverju við kjósum að hafa rokkbúðirnar fyrir stelpur og transkrakka.

Áslaug Einarisdóttir, Auður Viðarsdóttir og Sunna Ingólfssdóttir, verkefnastýrur hjá Stelpur rokka!

17. Jafnt aðgengi að frístundaheimilum

Stuðlar starf frístundaheimilanna að félagslegum jöfnuði? Hvaða börn eru það sem taka ekki þátt í starfi frístundaheimilanna? Skiptir máli að taka þátt í starfinu og er því mikilvægt að öllum sé tryggt aðgengi? Fjallað verður um þátttöku barna af erlendum uppruna og barna úr lágtekjufjölskyldum. Fjallað verður um starf frístundaheimilanna út frá kenningum um mismunandi tegundir auðs, út frá kenningum um aðlögun og tengslum við námsárangur. Því verður velt upp hvort við séum að skapa starf sem á að stuðla að jöfnuði en skapar jafn vel enn meiri ójöfnuð þar sem vissir hópar skila sér síður inn í starfið.

Ingibjörg Jónasdóttir, nemi í Tómsunda- og félagsmálafræði.

18. Það sem fyrir þeim er haft

Sagt verður frá 4. bekkjarstarfi í frístundaheimlinu Töfraseli. **Telma Sveinbjarnadóttir, fjórðabekkarfrú, Árseli.**

Kl. 11:50 Málstofa – fjórða lota

19. Innra og ytra mat – Upplifun forstöðumanns

Á haustönn 2014 var frístundaheimilið Eldflaugin valið í tilraunamat fyrir innra og ytra mat á frístundaheimilum í Reykjavík. Fjallað verður um upplifun hjá forstöðumanni, hvernig matið fór fram, hvað gekk vel, hvað gekk illa og hvaða lærdóm má draga af slíkri heimsókn.

Hörður Sturluson, forstöðumaður frístundaheimilinu Eldflauginni, Kampi.

Kl. 12:20-13:00
Létt hádegissnarl í Miðbergi

Skráning

Þátttakendur eru beðnir að velja 4 erindi – eitt í hverri lotu – sem þeir kjósa að sækja þennan dag og senda þá skráningu og hvaða erindi eru valin á netfangið:

skraningarSFS@reykjavik.is

í síðasta lagi
þriðjudaginn 28. maí

20. Femínismi í félagsmiðstöð

Fjallað verður um stofnun Femínistafélags 105&Háteigsskóla og þróunarverkefnið Jafnréttisfræðarar þar sem unglingar fræða nemendur á miðstigi um jafnrétti.

Andrea Marel, forstöðumaður félagsmiðstöðinni 105, Kampi.

21. Hugvakning um heilsu: Þemaverkefni barna í Breiðholti um heilsu og heilbrigði

Þemaverkefni í tengslum við heilsu og heilbrigði eru sett upp á skemmtilegan og jákvæðan hátt. Börnin vinna verkefni í tengslum við þemað og kynnast þannig mikilvægi sjálfsúthirðu, fjölbreytilegri hreyfingu og heilbrigðum lífstíl.

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, forstöðumaður Álfheima og Magnús Loftsson, forstöðumaður Vinasels, Miðbergi

22. Félagsmálaval – samstarf skóla og félagsmiðstöðvar

Þó nokkrar félagsmiðstöðvar hafa í gegnum tíðina gert tilraunir með að vera með félagsmálaval í samstarfi við grunnskólana. Þúgyn hefur verið með slíkt valfag í samstarfi við Kelduskóla-Vík í tvö ár og kynnt verður hvernig það hefur gengið og hvað er verið að prófa.

Ingi Þór Finnsson, forstöðumaður í Þúgyn, Gufunesbæ.

23. Ferðalag um óravíddir ævintýraheimsins

Frístundaheimilið Skýjaborgir fékk þróunarsjóðsstyrk til að hanna hlutverkaleik fyrir börnin í frístundaheimlinu sem gerist í ímynduðum ævintýraheimi þar sem allt getur gerst. Ef þú langar að hitta seiðkarla og nornir, finna fjársjóð, ræna frá dreka, eða opna búð, þá áttu tvímælaust að mæta á þessa kynningu.

Stýrmir Reynisson, aðstoðarforstöðumaður Skýjaborga, Frostaskjólí.

24. Hvað er svona merkilegt við þessar félagsmiðstöðvar?

Í erindinu mun Hrefna fjalla um lokaverkefni sitt í Tómsunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands sem var frumflutt á ráðstefnu útskriftarnema 16. apríl síðastliðinn. Verkefnið er í formi heimildarmyndar þar sem fjórir reynsluboltar í félagsmiðstöðvastarfi reyna að svara spurningum um mikilvægi starfsins, hvaða breytingar mættu eiga sér stað til að gera starfið enn faglegra en það er nú þegar og hvað sé í raun og veru svona merkilegt við þetta alltsaman?

Hrefna Þórarinsdóttir, nemi í Tómsunda- og félagsmálafræði.

25. Þau hafa líka rödd – barnalýðræði á frístundaheimilum í Reykjavík

Kynning á lokaritgerð úr Tómsunda- og félagsmálafræði um þátttöku barna í barnalýðræði. Það hefur færst í aukana á undanförunum árum að leita eftir viðhorfum barna og sjónarmiðum þeirra. Anna Björt vann tilviksathugun á tveimur frístundaheimilum þar sem hún kannaði hvernig unnið er með barnalýðræði. Hún tók tvö viðtöl við forstöðumenn og fór í tvær vettvangsathuganir. Von hennar er sú að ritgerð hennar varpi ljósi á mikilvægi virks barnaráðs á frístundaheimilum og mikilvægi þátttöku barna í slíku ráði.

Anna Björt Sigurðardóttir, nemi í Tómsunda- og félagsmálafræði